

Alþingi
Erindi nr. P 128/1972
komudagur 4.3.2003



IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - efnahags- og viðskiptanefnd
Ágúst Geir Einarsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
netfang: postur@ivr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/ivr>

Reykjavík, 28. febrúar 2003
Tilvísun : IVR03020127/10.201/TA

Með vísan til bréfs Alþingis, dags. 26. þ.m., undirritað af Ágústi Geir Ágústssyni, ritara efnahags- og viðskiptanefndar, vill viðskiptaráðuneytið veita svohljóðandi umsögn um frumvarp til innheimtulaga, 209. mál.

Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum með lagafrumvarpinu hefur viðskiptaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp um sama efni, á 122. og 123. löggjafarþingi, án þess að lög væru afgreidd frá þinginu. Frumvarpið hefur ekki verið lagt fram síðar en til skoðunar var í viðskiptaráðuneytinu eins og fram kemur í frumvarpinu nú að viðskiptaráðherra yrði veitt heimild til ákveða hámark innheimtukostnaðar í reglugerð, eins og var í fyrrgreindum frumvörpum, eða setja í staðinn á fót sérstaka úrskurðarnefnd um kvartanir en sú leið gengur skemur. Hugsanlegt er í tengslum við síðari leiðina að veita ráðherra heimild til að gefa leiðbeiningar um hámarksfjárhæð einstakra liða innheimtukostnaðar.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er hins vegar hert á skilyrðum. Ráðherra yrði skylt en ekki heimilt að ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar í reglugerð. Jafnframt yrði dóms- og kirkjumálaráðherra skylt á grundvelli laga nr. 77/1998, um lögmenn, að gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald vegna innheimtu peningakröfu en sú skylda yrði jafnframt þrengd þannig að hún mundi takmarkast við innheimtu á sviði réttarfarslaga en ekki grunninnheimtu eins og í frumvarpinu. Ekki er víst að hert skilyrði auki líkur á að frumvarp um þetta efni nái fram að ganga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum öðrum minni háttar breytingum. Gert er ráð fyrir að innheimtuleyfið verið tímabundið, miðað sé við fimm ár í senn. Slíkt kallar á aukna skriffinnsku og eftirlit þótt einhverjir kostir geti verið fólgnir í slíku eftirliti. Þá er bætt við því skilyrði við veitingu innheimtuleyfis að viðkomandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld eða vörsluskatta að fjárhæð kr. 500.000. Væntanlega er ekkert athugavert við slíkt skilyrði. Ekki þykir til sérstakra bóta að fara að skilgreina góða innheimtuhætti að hluta til með dæmum. Nefnd sem samdi frumvarp viðskiptaráðherra á sínum tíma hugleiddi slíka leið en taldi betra að fara hana ekki. Bent var á í frumvarpi á þeim tíma að í norsku lögum og dönsku frumvarpi væri reyndar nefnt sem dæmi óhæfilegur þrýstingur, tjón og óþægindi en í frumvarpinu nú er lýsingin mun margbrotnari. Þá er kveðið nánar um það í 3. mgr. 7. gr. hvenær krafa teljist greidd. Dæmum úr athugasemdum við fyrra frumvarp er skeytt inn í viðkomandi málsgrein. Heppilegra og nákvæmara hefði verið að bæta við nýrri setningu. Ekki er tekin afstaða til þess hvort eftirlit með lögmönnum samkvæmt

lögnum eigi að vera í höndum stjórnar Lögmannafélags Íslands fremur en úrskurðarnefndar lögmannna en gert er ráð fyrir að lögmennt víki að þeirri breytingu í frumvarpi þessu.

F.h.r.

Halldór Þorgeirsson
forseti Lögmannafélags Íslands